

FRÍSTUNDAKORT - REGLUR OG SKILYRÐI

Markmið og tilgangur Frístundakortsins

Meginmarkmið Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Með Frístundakortinu má greiða að hluta fyrir íþróttta-, lista- og tómsundastarfsemi á vegum félaga og samtaka sem starfa í Reykjavík og nágrannasveitarfélögunum.

Frístundakortið eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttta-, lista- og tómsundastarfsemi.

Með Frístundakortinu skapast einnig möguleikar til nýrrar starfsemi og sérstakra verkefna sem beinast að ófélagsbundinni æsku í hverfum borgarinnar.

Skilyrði fyrir veitingu styrkja samkvæmt Frístundakortinu

- Að iðkandi/styrkþegi eigi lögheimili í Reykjavík
- Að félagið sem nýtur greiðslunnar hafi lögheimili í Reykjavík og hafi gert samning um Frístundakortið við ÍTR. Félög í nágrannasveitarfélögunum, sem veita börnum úr Reykjavík aðgang að starfsemi sinni, geta samið um aðgang að Frístundakortinu enda uppfylli þau skilyrði sem sett eru
- Að styrkþegi sé á aldrinum 6 – 18 ára miðað við fæðingarár
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða í a.m.k. 10 vikur á önn.
- Að félög meti og geri grein fyrir helstu ástæðum brottfalls milli tímabila í hverri grein.
- Ekki verði óeðlilegar hækkningar á kostnaði við iðkun og æfingagjöldum
- Styrkur getur aldrei orðið hærri en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íþróttta- eða tómsundagreinar

Reglur um notkun tómskundastyrkja

- Frístundakortið veitir foreldrum og forráðamönnum rétt til að ráðstafa kr. 25.000.- á ári fyrir hvert barn.
- Hverju ári er skipt í þrjú tímabil sem gerð eru upp hvert fyrir sig. Upphaf tímabila er miðað við fyrsta janúar, fyrsta júní og fyrsta september ár hvert.
- Mögulegt er að ráðstafa Frístundakortinu til þriggja greina á hverjum tímabili.
- Eftirstöðvar Frístundakorts á hverju tímabili flytjast yfir á næsta tímabil innan ársins.
- Eftirstöðvar Frístundakorts ef einhverjar eru er ekki heimilt að færa milli ára og falla þær niður í lok hvers árs. Foreldrum er þannig í sjálfsvald sett hvort þeir ráðstafa greiðslu til félags/félaga á þremur tímabilum yfir árið eða ráðstafa allri greiðslunni á einu tímabili.
- Til að einfalda félögum innheimtu gjalda er þeim heimilt að ákvarða hve lengi á hverju tímabili forráðamenn geti ráðstafað Frístundakorti til þeirra. Ber félaginu að kynna forráðamönnum tímanlega þetta fyrirkomulag.
- Með Frístundakortinu má greiða fyrir **skipulagt** starf sem er stundað undir leiðsögn **viðurkenndra** þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eitt tímabil eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um starfsemi viðurkenndra íþróttafélaga, æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla, dansskóla, myndlistarskóla og fl.
- Ekki verði veittir styrkir vegna hefðbundinna sumarnámskeiða félaganna sem eru á viku eða tveggja vikna grunni en mögulegt er að sækja um sérstaklega vegna starfsemi sem eingöngu fer fram að sumarlagi en nær ekki 10 vikum.
- Með Frístundakortinu má greiða fyrir þátttöku í sérstökum samstarfsverkefnum eða námskeiðum í hverfum sem hafa það að markmiði að ná til ófélagsbundinna barna og unglinga og virkja þau í skipulögðu félagsstarfi.
- Frístundakortið er hægt að nýta til kaupa á þriggja til tólf mánaða kortum á líkamsræktarstöðvum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um fræðslu til iðkenda og utanumhald. Skipulögð námskeið innan líkamsræktarstöðva, sem uppfylla skilyrði Frístundakortsins falla undir styrkinn.
- Með Frístundakortinu er ekki mögulegt að greiða fyrir sérstakan viðbótarkostnað svo sem tæki og búnað, fatnað, ferðakostnað og þ.h.

- Þegar foreldri eða forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags á grundvelli Frístundakortsins þá er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra.
- Flytji iðkandi sig milli greina innan sama félags eða hætti iðkun kemur slík breyting fram í uppgjöri félagsins fyrir næsta tímabil.
- Börn sem flytja til borgarinnar njóta Frístundakortsins óskerts nema í þeim tilfellum að skráningafrestur félaganna sé runnin út á haustönn, sem er 15. október, enda nái þeir iðkendur sem skrá sig eftir þann tíma ekki 10 vikna iðkun þá önn.
- Ráðstöfunarréttur fellur niður flytji barn úr borginni.

Skráning félaga í frístundakortskerfið

- Við skráningu í starfsemi komi eftirfarandi fram:
Nafn og kennitala félags, nafn og kennitala iðkanda, fyrir hvað er verið að greiða, starfs- eða æfingartímabil, hvenær starfsemi fer fram, hvar.
- Við skráningu liggja fyrir auk gjaldskrár, allur viðbótarkostnaður sem fylgir þátttöku og iðkun á tímabilinu.
- Skráningu í starfsemi og ráðstöfun Frístundakorts þarf að endurnýja við upphaf hvers tímabils. Þar komi fram hversu stórum hluta er varið af Frístundakortinu til starfseminnar.
- Við samninga við félög í nágrannabyggðum verður sú almenna regla viðhöfð að ekki verði mögulegt að greiða vegna starfsemi sem iðkendum stendur þegar til boða í borginni og er þeim aðgengileg. Undanþágu má þó veita ef aðstæður viðkomandi iðkanda mæla sérstaklega með því.

Umsýslugjald

Öll félög munu njóta sérstaks umsýslugjalds vegna skráningar hvers einstaklings í iðkun á vegum félagsins á grundvelli Frístundakortsins óháð því hvort iðkandinn nýtur greiðslu frá Frístundakortinu. Félag nýtur þessarar greiðslu einu sinni á hverju tímabili þó iðkandi sé skráður í þrjár greinar eða námskeið hjá félaginu á sama tímabili.

Umsýslugjald er í tvennu lagi:

- a) Sérstakt grunngjald kr. 80 þúsund greiðist til hvers félags vegna kostnaðar við innleiðingu Frístundakortsins.
- b) Ákveðin þóknun kr. 250.- renni til félagsins við hverja skráningu einstaklings í félagið haustið 2007

Framkvæmd skráningar og uppgjors

Öll skráning verður rafræn á vef Reykjavíkurborgar á Rafrænu Reykjavík.

Styrkuppgjör milli ÍTR og félags er í fyrstu viku hvers mánaðar og fer uppgjör fer fram með rafrænum hætti.

Starfsáætlun og gjaldskrár vegna komandi starfsárs þarf að skila í byrjun ágúst ár hvert hefjist námskeið að hausti og í byrjun maí ár hver hefjist námskeið að vori.

Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir

Reykjavík 20.janúar 2010